



Fræðslumiðstöð  
Reykjavíkur

Austurstræti 8-10  
Nefndarsvið Alþingis  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 131/600  
komudagur 13.12.2004

- Fríkirkjuvegi 1
- ÍS-101 Reykjavík,
- Sími: (+354) 535 5000
- Fax: (+354) 535 5050
- Kt. 500796-2359
- Netfang: fmr@grunnskolar.is
- www.grunnskolar.is

10. desember 2004  
2004110055  
GGÓ/ts

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda**

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur sent til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Tekið er undir nauðsyn þess að taka til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan eða félagslegan vanda og vinna að úrbótum í málefnum þeirra bæði hvað varðar kennslu og meðferð.

Fræðsluyfirvöld í Reykjavík reka nú Brúarskóla, m.a. með tilstyrk frá Jöfnunarsjóði, sem þjónar þessum hópi nemenda úr Reykjavík og nágrennasveitarfélögum.

Í greinargerð kemur fram að verið er að leggja til stofnun sérdeildar fyrir nemendur á Suðurlandi með geðrænan og félagslegan vanda. Stofnun slíkrar deildar er án efa til mikilla hagsmóta fyrir nemendahópinn sem um ræðir.

Bent skal á að mikilvægt er að skilgreina vel hver markhópurinn er. Rekstrargrunnur deildarinnar þarf einnig að vera ljós, þ.e. að hve miklu leyti deildin er rekin af sveitarfélögum og hver kostnaðarþáttur ríkisins er. Einnig er mikilvægt að greina skólaúrræði frá meðferðarúrræði bæði hvað varðar þjónustu og kostnað og tryggja að til komi samvinna menntamálayfirvalda, félagsmálayfirvalda og heilbrigðiskerfis við stofnun og rekstur slíkrar deildar. Tenging milli meðferðarþátta þessarar deildar og hlutverks Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans þurfa að vera skýr.

Hér er um að ræða þarft og mikilvægt mál ekki aðeins fyrir þann nemendahóp sem um ræðir heldur foreldra og skóla og þannig samfélagið allt.

Virðingarfyllst,

Gerður G. Óskarsdóttir  
fræðslustjóri